

Tryggingarskilmálar (Unfallrente plus 7003/00) fyrir örorkutryggingu plús

Þú sem tryggingartaki ert viðsemjandi okkar. Hinn tryggði getur verið þú eða einhver annar, það fer eftir samkomulaginu sem gert er.

Við sem tryggjendur látum í té umsamdar greiðslur.

Almennir skilmálar Allianz-félaganna fyrir örorkutryggingu plús (Allianz AB RP 2000) U 7003/00

Tryggingarumfang

- 1 Hvað er tryggt?
- 2 Hvaða tegundir bóta eru umsamdar?
 - 2.1 Slysörorkutrygging
 - 2.2 Örorkubætur
 - 2.3 Dánarbætur
- 3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar?
- 4 Hvaða einstaklingar eru ekki tryggingarhæfir?
- 5 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð?
- 6 Hvers þarft þú að gæta þegar breytt er um starf eða iðju?

Bótamál

- 7 Hvers ber að gæta eftir slys og meðan á bótagreiðslum stendur (skyldur)?
- 8 Hvaða afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?
- 9 Hvenær falla greiðslur í gjalddaga?

Tryggingartími

- 10 Hvenær hefst samningstíminn og hvenær lýkur honum?
Hvenær fellur tryggingarverndin niður í hernaði?

Tryggingariðgjald

- 11 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?
Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?

Önnur ákvæði

- 12 Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?
- 13 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?
- 14 Hvernig geturðu forðast að kröfur tapist?
- 15 Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum?
- 16 Hvernig færð þú hlutdeild í hagnaði okkar meðan bótagreiðslur standa yfir?
- 17 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?
- 18 Hvers ber að gæta við tilkynningar til okkar?
Hvað gildir um breytingar á póstfangi þínu?
- 19 Hvaða lög gilda?

Tryggingarumfang

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Við bjóðum tryggingarvernd við slysa sem hinn tryggði verður fyrir á gildistíma samningsins.
- 1.2 Tryggingarverndin nær til slysa hvar sem er í heiminum.
- 1.3 Það telst slysa ef hinn tryggði býður óviljandi heilsutjón vegna skyndilegs atburðar (slysatilvik) sem verkar utan frá á líkama hans.
- 1.4 Það telst einnig slysa ef aukin áreynsla á útlími eða hrygg veldur því að
- liðir snúast eða fara úr liði
- vöðvar, sinar, liðbönd eða belgir toga eða rifna.
- 1.5 Við bendum á reglur um takmörkun bóta (töluliður 3), einstaklinga sem eru ekki tryggingarhæfir (töluliður 4) og útilokun (töluliður 5); þær gilda um allar tegundir bóta.

2. Hvaða tegundir bóta eru umsamdar?

Tegundum bóta samkvæmt þessum samningi er lýst í eftirfarandi skilmálum eða viðbótarskilmálum.

Tryggingarupphæðin, sem þú hefur samið um við okkur, kemur fram í samningnum.

- 2.1 Slysaörorkutrygging.
- 2.1.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:
- 2.1.1.1 Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka).
Örorkan er
- komin fram innan eins árs eftir slysið og
- hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.
- 2.1.1.2 Örorkustigið nemur að minnsta kosti 50%
- án örorku sem var til staðar fyrir slysið samkvæmt 2.1.1.3.3 og
- án áhrifa sjúkdóma eða kvilla samkvæmt tölulið 3.
- 2.1.1.3 Örorkustig vegna slyss er mælt samkvæmt eftirfarandi ákvæðum.
- 2.1.1.3.1 Við missi eða óstarfhæfni eftirtalinna líkamshluta og skynfæra gilda einungis eftirfarandi örorkustig:
- | | |
|--------------------------------|-----|
| Handleggur við axlarlið | 70% |
| Handleggur fyrir ofan olnboga | 65% |
| Handleggur fyrir neðan olnboga | 60% |
| Hönd við úlnlið | 55% |
| Þumalfingur | 20% |
| Vísifingur | 10% |
| Annar fingur | 5% |
| Fótur ofan við mitt læri | 70% |
| Fótur að miðju læri | 60% |
| Fótur fyrir neðan hné | 50% |
| Fótur að miðjum kálfa | 45% |
| Fótur við ökkla | 40% |
| Stóratá | 5% |

Önnur tá	2%
Auga	50%
Heyrn á öðru eyra	30%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

Við missi að hluta eða skerta starfshæfni gildir samsvarandi prósentustig.

- 2.1.1.3.2 Fyrir aðra líkamshluta og skynfæri er örorkustig mælt eftir því að hve miklu leyti eðlileg líkamleg eða andleg hæfni er skert í heild. Við það ber eingöngu að taka tillit til læknisfræðilegra sjónarmiða.
- 2.1.1.3.3 Ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri eða starfshæfni þeirra var þegar varanlega skert fyrir slysið lækkar örorkustigið um fyrri örorku. Hana ber að mæla samkvæmt tölulið 2.1.1.3.1 og tölulið 2.1.1.3.2.
- 2.1.1.3.4 Hafi fleiri en einn líkamshluti eða skynfæri orðið fyrir tjóni við slysið eru örorkustigin sem reiknuð eru samkvæmt undanfarandi ákvæðum lögð saman. Ekki er þó tekið tillit til meira en 100%.
- 2.1.1.3.5 Samningar í aðalsamningi um hækkuð örorkustig eða –bætur gilda ekki um slysaörorkutrygginguna.
- 2.1.1.4 Ekkert tilkall er til slysaörorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
- 2.1.1.5 Falli hinn tryggði frá
- af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið
og hafi forsendur samkvæmt tölulið 2.1.1.1 verið uppfylltar greiðum við að því tilskildu að á grundvelli læknaskýrslna hefði mátt búast við örorkustigi sem næmi að minnsta kosti 50%. Fyrir mælingu örorkustigsins gilda töluliðir 2.1.1.2 og 2.1.1.3 eftir því sem við á.
- 2.1.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu:
Við greiðum slysaörorkubætur óháð aldri hins tryggða í þeirri hæð sem samið var um (tryggingarupphæð).
- 2.1.3 Byrjun og tímalengd.
- 2.1.3.1 Við greiðum slysaörorkubætur
- afturvirkir frá byrjun mánaðarins þegar slysið varð,
- mánaðarlega fyrir fram.
- 2.1.3.2 Við greiðum örorkubætur til loka sjötta mánaðar eftir fráfall hins tryggða.
Slysaörorkubótum lýkur ennfremur í lok þess mánaðar þegar ný mæling samkvæmt tölulið 9.3 hefur leitt í ljós að örorkustig vegna slyssins hefur lækkað niður fyrir 50%.
- 2.2 Örorkubætur.
- 2.2.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:
- 2.2.1.1 Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka).

Örorkan er
- komin fram innan eins árs eftir slysið og

- hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.

- 2.2.1.2 Örorkustigið nemur að minnsta kosti 10%
- án örorku sem var til staðar fyrir slysið samkvæmt 2.1.1.3.3 og
- án áhrifa sjúkdóma eða kvilla samkvæmt tölulið 3.
- 2.2.1.3 Örorkustig vegna slyss er mælt samkvæmt ákvæðum í tölulið 2.1.1.3.
- 2.2.1.4 Ekkert tilkall er til örorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
- 2.2.1.5 Falli hinn tryggði frá
- af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið
og hafi forsendur samkvæmt tölulið 2.1.1.1 verið uppfylltar greiðum við, að því tilskildu að á grundvelli læknaskýrslna hefði mátt búast við örorkustigi sem næmi að minnsta kosti 10%. Fyrir mælingu örorkustigsins gilda töluliðir 2.1.1.3 og 2.2.1.2 eftir því sem við á.
- 2.2.2 Hæð tryggingargreiðslu:
- 2.2.2.1 Við greiðum örorkubæturnar sem höfuðstólsupphæð.
- 2.2.2.2 Útreikningur bóta byggist á hæð slysaörorkutryggingar og örorkustigi vegna slyssins eins og hér fer á eftir:

Örorkustig í prósentum	Hæð bóta
10 að 20	10 mánaðarbætur
20 að 30	20 mánaðarbætur
30 að 40	30 mánaðarbætur
40 að 50	40 mánaðarbætur
50 til 100	50 mánaðarbætur

- 2.3 Dánarbætur.
- 2.3.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:
Hinn tryggði hefur fallið frá af völdum slyssins innan eins árs.
Við bendum á sérstakar skyldur samkvæmt tölulið 7.5.
- 2.3.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu:
Við greiðum dánarbætur sem nema 12-földum slysaörorkutryggingabótum.

3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar?

Sem slysatryggjendur greiðum við bætur fyrir afleiðingar slyss. Ef sjúkdómar eða kvillar hafa haft áhrif á heilsubrestinn vegna slyssins eða afleiðingar hans lækkar
- prósentustig örorkustigsins ef um örorku er að ræða
- bæturnar í samræmi við hluta sjúkdómsins eða kvillans ef um dánarbætur er að ræða.

Nemi áhrifaþátturinn minna en 25% kemur þó ekki til lækkunar.

4 Hvaða einstaklingar eru ekki tryggingarhæfir?

- 4.1 Þeir sem þurfa mikla eða mjög mikla umönnun í skilningi almannatrygginga svo og geðsjúklingar eru ekki tryggingarhæfir og eru ótryggðir þótt iðgjald sé greitt.
- 4.2 Tryggingarverndin fellur niður jafnskjótt og hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur samkvæmt tölulið 4.1. Jafnframt lýkur tryggingunni fyrir hann.
- 4.3 Iðgjald sem greitt hefur verið fyrir ótryggingarhæfa einstaklinga eftir að tryggingarvanhæfni kom upp greiðum við til baka.

5 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð?

- 5.1 Fyrir eftirtalin slys gildir engin tryggingarvernd:
- 5.2 Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna geð- eða vitundartruflana, einnig ef þær verða vegna ölvunar, svo og vegna slags (heilablóðfalls, hjartaslags), flogaveikikasta eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða.
- Tryggingarverndin gildir þó ef þessar truflanir eða köst urðu af völdum slysatilviks sem fellur undir þennan samning.
- 5.1.2 Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug eða reynir það.
- 5.1.3 Slys sem verða beint eða óbeint af völdum stríðs- eða borgarastríðsatvika.
- Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði verður óvænt fyrir barðinu á stríðs- eða borgarastríðsatvikum á ferðalagi erlendis.
- Þessi tryggingarvernd fellur niður við lok sjöunda dags frá byrjun stríðs eða borgarastríðs á landsvæði ríkisins þar sem hinn tryggði dvelur.
- Framlengingin gildir ekki um ferðir til eða um ríki þar sem þegar geisar stríð eða borgarastríð. Hún gildir heldur ekki fyrir virka þátttöku í stríði eða borgarastríði og ekki um slys af völdum kjarna- sýkla- eða efnavopna né í tengslum við stríð eða ófriðarástand milli Bandaríkjana, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands.
- 5.1.4 Slys sem hinn tryggði verður fyrir
- sem stjórnandi loftfars (einnig flugþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars;
 - við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars;
 - við notkun geimfara.
- 5.1.5 Slys sem hinn tryggði verður fyrir við það að hann, sem bílstjóri eða aðstoðarökumaður eða farþegi í vélknúnu farartæki, tekur þátt í akstursviðburði að meðtöldum tilheyrandi æfingaakstri þar sem máli skiptir að ná hámarkshraða.
- 5.1.6 Slys sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarnorku.
- 5.2 Þar að auki eru eftirfarandi tjón útilokuð:
- 5.2.1 Skaði á hryggþófum, svo og innvortis blæðingar og heilablæðingar. Tryggingarverndin gildir þó ef aðalorsökin er slysatilvik sem fellur undir þennan samning samkvæmt tölulið 1.3.
- 5.2.2 Heilsutjón vegna geislunar.
- 5.2.3 Heilsutjón vegna lækningaráðstafana, svo og vegna aðgerða á líkama hins tryggða, óháð tilgangi þeirra.

Tryggingarverndin gildir þó ef lækningaráðstafanirnar eða aðgerðirnar eru gerðar vegna slyss sem fellur undir þennan samning.

5.2.4 Sýkingar.

5.2.4.1 Þær eru einnig þá útilokaðar ef þær stafa af
- skordýrastungum eða -biti eða
- öðrum minni háttar húð- eða slímhúðarsárum
sem sýklar bárust um inn í líkamann þegar í stað eða seinna.

5.2.4.2 Tryggingarverndin gildir þó fyrir
- hundaæði og stífkampa og einnig fyrir
- sýkingar þar sem sýklarnir bárust inn í líkamann um sár eftir slyss sem ekki eru útilokuð samkvæmt tölulið 5.2.4.1.

5.2.4.3 Um sýkingar sem stafa af lækningaráðstöfunum eða aðgerðum gildir töluliður 5.2.3, önnur málsgrein, eftir því sem við á.

5.2.5 Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna gegnum kokið.

Tryggingarverndin gildir þó fyrir börn sem ekki eru orðin fullra tíu ára þegar slysið á sér stað. Útilokaðar eru eitranir af völdum matvæla.

5.2.6 Sjúklegar truflanir vegna sálrænna viðbragða, einnig þótt þau séu af völdum slyss.

5.2.7 Maga- eða kviðslit.

Tryggingarverndin gildir þó ef þau verða við harkaleg utanaðkomandi áhrif sem falla undir þennan samning.

6 Hvers þarft þú að gæta þegar breytt er um starf eða iðju?

6.1 Breytingu á starfi eða iðju hins tryggða (herskylduþjónusta, borgaraleg þjónusta eða hernaðarlegar varaliðsæfingar teljast ekki til þess) verður þú að tilkynna okkur tafarlaust því hæð tryggingarupphæðanna og/eða iðgjaldsins er ótvírætt háð þessum aðstæðum.

6.2 Reiknist lægri tryggingarupphæðir með sömu iðgjöldum eftir að breytingin varð gilda þær þegar tveir mánuðir eru liðnir frá breytingunni. Reiknist hins vegar hærri tryggingarupphæðir gilda þær þegar einn mánuður er liðinn frá breytingunni.

Endurútreiknuðu tryggingarupphæðirnar gilda bæði fyrir vinnuslyss og slyss utan vinnu.

6.3 Ef þú óskar þess höldum við líka samningnum áfram með sömu tryggingarupphæðum og áður og hærri eða lægri iðgjöldum strax og við höfum fengið tilkynningu frá þér.

Bótamál

7 Hvers ber að gæta eftir slyss og meðan á bótagreiðslum stendur (skyldur)?

Án þátttöku þinnar og hins tryggða getum við ekki greitt bætur.

7.1 Eftir slyss, sem vænta má að valdi bótaskyldu, verður þú eða hinn tryggði tafarlaust að kalla til lækni, fylgja fyrirmælum hans og láta okkur vita.

7.2. Slysatilkynninguna, sem við sendum, verður þú eða hinn tryggði að fylla út sannleikanum samkvæmt og senda okkur til baka tafarlaust; frekari upplýsingar varðandi málið, sem við biðjum um, verður að veita á sama hátt.

7.3 Ef við kveðjum til lækna verður hinn tryggði einnig að láta þá skoða sig. Við berum nauðsynlegan kostnað, að meðtöldu tekjutapi sem af því hlýst.

7.4 Gefa ber læknum sem hafa annast eða skoðað hinn tryggða – einnig af öðrum ástæðum – öðrum tryggjendum, váttryggjendum og yfirvöldum umboð til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

7.5 Leiði slysið til dauða ber að tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda, einnig þótt okkur hafi þegar verið tilkynnt um slysið.

Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma krufningu ef þurfa þykir.

7.6 Falli hinn tryggði frá meðan á bótagreiðslum stendur verður að tilkynna okkur tafarlaust um fráfall hans.

8 Hvaða afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?

Ef skylda, sem uppfylla ber eftir að slys hefur orðið, er vanrækt missir þú tryggingarverndina, nema þú hafir hvorki vanrækt skylduna af ráðnum hug né af vítaverðu gáleysi.

Við vanrækslu af vítaverðu gáleysi heldur þú tryggingarverndinni að svo miklu leyti sem vanrækslan hefur hvorki haft áhrif á viðurkenningu bótamálsins né á ákvörðun bótaupphæðar.

Við vanrækslu af ráðnum hug heldur þú tryggingarverndinni í þessum tilfellum að svo miklu leyti aðeins ef vanrækslan var ekki til þess fallin að skaða hagsmuni okkar alvarlega eða ef sök þín er ekki mikil.

9 Hvenær falla greiðslur í gjalddaga?

9.1 Okkur er skylt að lýsa yfir því innan þriggja mánaða – við kröfu um dánarbætur innan eins mánaðar – hvort og í hvaða hæð við viðurkennum kröfu. Frestirnir byrja þegar okkur berast eftirfarandi gögn:
- sönnun um atvik slyssins og afleiðingar þess,
- við örorkubótakröfur auk þess sönnun um lok lækningameðferðar að svo miklu leyti sem þess þarf til að mæla örorku.
Lækniskostnað, sem þú þarft að greiða til að rökstyðja bótakröfuna, yfirtökum við upp að 10% mánaðarlífeyris.

9.2 Ef við viðurkennum kröfuna eða höfum orðið ásáttir við þig um ástæðu og upphæð greiðum við innan tveggja vikna.

9.3 Hafi aðeins ástæða bótaskyldunnar verið ákveðin greiðum við, ef þú óskar þess, hæfilega fyrirframgreiðslu inn á örorkubótagreiðsluna. Fyrir lok lækningameðferðar er aðeins hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs eftir slysið sem nema allt að hæð dánarbóta.

9.4 Þú og við höfum rétt til þess að láta mæla örorkuna læknisfræðilega á ný árlega, í síðasta lagi allt að þremur árum eftir slysið.
Þennan rétt
- verðum við að nýta ásamt yfirlýsingu okkar um greiðsluskyldu okkar samkvæmt tölulíð 9.1,
- verður þú að nýta í síðasta lagi innan þriggja mánaða fyrir lok frestsins.
Leiði endanleg mæling af sér hærri örorkubætur en við höfum þegar greitt ber að greiða 5% vexti á ári af mismuninum.

Tryggingartími

10 Hvenær hefst samningstíminn og hvenær lýkur honum? Hvenær fellur tryggingarverndin niður í hernaði?

10.1 Byrjun tryggingarverndarinnar.

Tryggingarverndin hefst á þeim tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi tölulíðs 11.2.

10.2 Tímalengd og lok samningstímans.

Samningurinn gildir fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.

Ef samningstíminn er minnst eitt ár framlengist samningurinn um eitt ár í senn hafi okkur eða þér ekki borist uppsögn í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok yfirstandandi tryggingarárs.

Samningurinn framlengist til loka tryggingarársins þegar hinn tryggði verður fullra 75 ára. Ef við viljum þá breyta samningnum skýrum við þér frá því skriflega í síðasta lagi sex mánuðum fyrir; annars helst samningurinn óbreyttur.

Ef samningstíminn er styttri en eitt ár lýkur samningstímanum á áætluðum tíma án þess að uppsagnar sé þörf.

Ef samningstíminn er lengri en fimm ár er hægt að segja samningnum upp við lok fimmta ársins eða hvers árs þar á eftir; uppsögnin verður að hafa borist þér eða okkur í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok yfirstandandi tryggingarárs.

10.3 Uppsögn eftir bótamál.

Við getum rift samningnum með uppsögn ef við höfum innt greiðslu af hendi eða þú hefur höfðað mál gegn okkur til greiðslu á bótakröfu. Uppsögnin verður að hafa borist þér eða okkur í síðasta lagi einum mánuði eftir bótagreiðslu eða – ef um málarekstur er að ræða – eftir að kæra er dregin til baka, krafa viðurkennd, sátt hefur náðst eða dómur hefur tekið gildi.

Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi jafnskjótt og hún hefur borist okkur. Þú getur þó ákveðið að uppsögnin taki gildi síðar en þó í síðasta lagi í lok yfirstandandi tryggingarárs.

Uppsögn af okkar hálfu tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist þér.

10.04 Hlé á tryggingarvernd í hernaði.

Tryggingarvernd hins tryggða verður óvirk jafnskjótt og hann hefur þjónustu í her eða álíka stofnun sem tekur þátt í stríði eða hernaði milli landanna Bandaríkjana, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands.

Tryggingarverndin verður aftur virk um leið og okkur hefur borist tilkynning um að þjónustunni sé lokið.

Tryggingariðgjald

11 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu? Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?

- 11.1 Iðgjald og tryggingarskattur.
- Í iðgjaldinu, sem fært er þér til gjalda, er innifalinn tryggingarskattur sem ákveðinn er með lögum og þér ber að greiða.
- 11.2 Greiðsla og afleiðingar greiðsluseinkunar / fyrsta eða einstakt iðgjald.
- 11.2.1 Gjaldalagi og réttur greiðslutími.
- Fyrsta eða einstakt iðgjald fellur í gjaldalagi – ef annað er ekki umsamið – strax eftir gerð sammingsins.
- Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir viðtöku tryggingarskírteinisins og greiðsluáskorunarinnar, svo og eftir lok 14 daga andmælafrests sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.
- Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum gildir aðeins fyrsta afborgun fyrsta ársiðgjalds sem fyrsta iðgjald.
- 11.2.2 Tryggingarvernd byrjar seinna.
- Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma heldur seinna gildir tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma.
- 11.2.3 Riftun.
- Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem iðgjaldið er ógreitt. Það telst riftun ef við berum ekki fram kröfu um fyrsta eða einstakt iðgjald fyrir rétti innan þriggja mánaða frá gerð sammingsins.
- 11.3 Greiðsla og afleiðingar greiðsluseinkunar / framhaldsiðgjald.
- 11.3.1 Gjaldalagi og réttur greiðslutími.
- Framhaldsiðgjöld falla í gjaldalagi, ef annað er ekki umsamið, fyrsta hvers mánaðar á umsömdum iðgjaldsgreiðslutíma. Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram á þeim tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu eða á iðgjaldsreikningnum.
- 11.3.2 Vanskil.
- Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma ert þú komin í vanskil, án innheimtu, nema þú berir ekki ábyrgð á seinkun greiðslunnar.
- Við sendum þér skriflega greiðsluáskorun og veitum þér að minnsta kosti tveggja vikna greiðslufrest.
- Við höfum rétt til þess að krefjast bóta fyrir tjón sem við verðum fyrir vegna vanskilanna.
- 11.3.3 Engin tryggingarvernd.
- Ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna eftir lok þessa greiðslufrests gildir engin tryggingarvernd frá þeim tíma uns greiðsla hefur farið fram, ef þér hafði verið bent á það með greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulið 11.3.2, málsgrein 2.
- 11.3.4 Uppsögn.

Ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna eftir lok þessa greiðslufrests getum við sagt samningnum upp, ef við höfum bent þér á það með greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulið 11.3.2, málsgrein 2.

Ef við höfum sagt upp og þú greiðir síðan innan eins mánaðar iðgjaldið sem rukkað var gildir samningurinn áfram. Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að uppsögnin berst og greiðslan kemur inn gildir þó engin tryggingarvernd.

11.4 Réttur greiðslutími með skuldfærslubeiðni.

Ef samið er um að iðgjaldið sé skuldfært af reikningi telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef hægt er að skuldfæra iðgjaldið á þeim gjalddaga sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu og þú andmælir ekki réttmætri skuldfærslu.

Ef við höfum ekki getað skuldfært gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar skriflega. Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að skuldfæra iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslukerfisins.

11.5 Afborganir og afleiðingar greiðsluseinkunar.

Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum falla allar afborganir í gjalddaga ef þú lendir í vanskilum með eina afborgun.

Ennfremur getum við framvegis krafist árlegrar iðgjaldsgreiðslu.

11.6 Iðgjald við sammingslok fyrir tímann.

Ljúki samningstíma fyrir en áætlað var höfum við, ef annað er ekki ákveðið, aðeins tilkall til þess hluta iðgjaldsins sem samsvarar liðnum samningstíma.

Önnur ákvæði

12 Hver er réttarstaða sammingsaðila innbyrðis?

12.1 Ef tryggingin er tekin gegn slysum sem annar verður fyrir (trygging annars aðila) hefur þú en ekki hinn tryggði réttinn til að nýta réttindin samkvæmt samningnum. Ásamt hinum tryggða ert þú ábyrgur fyrir að skyldur séu uppfylltar.

12.2 Öllum ákvæðum, sem gilda fyrir þig, ber að beita við löglegan arftaka þinn og aðra kröfuhafa eftir því sem við á.

12.3 Áður en tryggingarkröfur falla í gjalddaga er hvorki hægt að framselja þær né veðsetja án samþykkis okkar.

12.4 Veiting og afturköllun bótaþegaréttar gilda hvað okkur varðar aðeins og fyrst þá ef þú hefur tilkynnt okkur um það skriflega í lifanda lífi.

13 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir sammingsgerð?

13.1 Fullkomnar og réttar upplýsingar um aðstæður sem skipta máli fyrir hættumat.

Þér eða umboðsmanni þínum ber skylda til þess við gerð sammingsins að tilkynna okkur um allar aðstæður, sem þér eru kunnar og skipta máli fyrir hættumat, skriflega, sannleikanum samkvæmt og undandráttafrelst og einkum að svara öllum spurningum í tryggingarumsókninni á þann hátt. Þær aðstæður skipta máli fyrir hættumat sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun okkar um að gera samninginn yfirleitt eða með umsömdu efni. Aðstæður sem við höfum spurt um beint og skriflega teljast skipta máli fyrir hættumat ef um vafa er að ræða.

Ásamt þér er hinn tryggði ábyrgur fyrir því að tilkynnt sé sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, og að spurningum, sem beint er til þín, sé svarað á sama hátt.

Ef samningurinn er gerður af umboðsmanni þínum eða fulltrúa án umboðsvalds og hann veit um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, verður þú að láta koma þannig fram við þig eins og þú hefðir haft vitneskju um þær eða þagað um þær á sviksamlegan hátt.

13.2 Riftun.

13.2.1 Forsendur og framkvæmd riftunar.

Ófullkomnar og rangar upplýsingar um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, veita okkur rétt til þess að rifta tryggingarsamningnum. Það gildir einnig ef aðstæður eru ekki eða ranglega tilgreindar af því að þú hefur á sviksamlegan hátt forðast að kynna þér sannleikann.

Riftunin getur aðeins farið fram innan eins mánaðar. Fresturinn hefst með þeim tíma þegar við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldunni. Riftunin fer fram með yfirlýsingu til þín.

13.2.2 Útilokun riftunarréttis.

Við höfum engan riftunarrétt ef við höfðum vitneskju um hinar ótilgreindu eða ranglega tilgreindu aðstæður sem skipta máli fyrir hættumat.

Það sama gildir ef þú sannar að hvorki þú né umboðsmaður þinn hafi gefið hinar röngu eða ófullkomnu upplýsingar á saknæman hátt.

Ef þú áttir að tilgreina aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, samkvæmt skriflegum spurningum okkar getum við þá aðeins rift vegna ótilgreindra aðstæðna, sem ekki var beinlínis spurt um, ef þú eða umboðsmaður þinn þögðuð um þær á sviksamlegan hátt.

13.2.3 Afleiðingar riftunar.

Komi til riftunar fellur tryggingarverndin niður.

Ef þegar hefur komið til bótamáls megum við ekki neita um tryggingarvernd ef þú sannar að hinar ótilgreindu eða ranglega tilgreindu aðstæður hefðu hvorki haft áhrif á að til bótaskyldu kom né á umfang bótanna.

Komi til riftunar er okkur og þér skylt að endurgreiða móttæknar greiðslur; greiða ber vexti af fjárhæð frá móttöku. Við höldum þó tilkalli okkar til þess hluta iðgjaldsins sem samsvarar liðnum samningstíma á riftunartímanum.

13.3 Iðgjaldsbreyting eða uppsagnarréttur.

Ef riftunarréttur okkar er útilokaður vegna þess að brotið gegn tilkynningaskyldu þinni var ekki saknæmt og hærra iðgjald er sanngjarnt fyrir aukna áhættu eigum við kröfu á því iðgjaldi frá byrjun yfirstandandi tryggingartímabils. Það sama gildir ef okkur var ekki við gerð samningsins greint frá aðstæðum sem skipta máli við að taka áhættuna vegna þess að þær voru þér ókunnar.

Ef ekki er unnt að taka aukna áhættu samkvæmt grundvallarreglum fyrirtækis okkar þótt iðgjaldið sé hækkað getum við sagt tryggingarsamningnum upp með eins mánaðar uppsagnarfresti frá því að við fengum vitneskju um brotið gegn

tilkynningaskyldunni. Uppsögnin tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist til þín.

Rétturinn til iðgjaldshækkunar eða uppsagnar fellur niður ef hann er ekki nýttur innan eins mánaðar frá þeim tíma þegar við fengum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldunni eða aðstæður sem ekki voru tilgreindar.

13.4 Vefenging.

Réttur okkar til að vefengja samninginn vegna sviksamlegra blekkinga um áhættuaðstæður helst óhaggaður.

14 Hvernig geturðu forðast að kröfur tapist?

14.1 Þú átt enga kröfu til tryggingarverndar ef þú heldur bótakröfunni ekki fram fyrir dómi innan sex mánaða.

14.2 Fresturinn hefst þegar þér berst skrifleg höfnun okkar. Að virða ekki frestinn hefur þá aðeins lagaleg áhrif ef við höfum í bréfi okkar bent á nauðsyn þess að halda kröfunni fram fyrir dómi innan réttis frests.

15 Hvenær fynrast kröfur samkvæmt samningnum?

15.1 Kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum fynrast á tveimur árum. Fresturinn hefst í lok þess árs sem bótakrafan varð til.

15.2 Ef þú hefur tilkynnt okkur um kröfu telst tíminn frá tilkynningunni þangað til skriflegur úrskurður okkar berst ekki með við útreikning frestsins.

16 Hvernig færð þú hlutdeild í hagnaði okkar meðan bótagreiðslur standa yfir?

16.1 Uppruni hagnaðarhlutdeildar.

Til að tryggja bótagreiðslur að fullu er reiknað með tryggðri ávöxtun á varasjóði okkar sem er mjög varlega áætluð. Raunverulegar fjármagnstekjur eru yfirleitt hærri en tryggð ávöxtun; bótaþegar njóta gróðans sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeildar.

16.2 Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar.

Hagnaðarhlutdeild fer þannig fram að yfirstandandi bótakrafa er hækkuð. Hækkuð bótakrafa er tryggð í áunninni hæð.

Hækkun fer í fyrsta lagi þá fram þegar bætur hafa verið þegnar í minnst eitt ár.

16.3 Hæð hagnaðarhlutdeildar.

Við könnum árlega hvort hagnaðurinn sem varð á reikningsárinu og fé í varasjóði til iðgjaldsendurgreiðslu réttlæti hækkun yfirstandandi bótakrafna.

Eftir tillögu endurskoðanda tekur stjórn okkar árlega ávörðun um hvort og í hvaða hæð yfirstandandi bótakröfur eru hækkaðar og birtir hana í ársskýrslu fyrirtækisins.

Ef til hækkunar kemur greiðum við hækkaðar bætur frá 1. janúar viðskiptaársins eftir könnunina. Við tilkynnum þér um hækkaða bótakröfu.

16.4 Tekjur.

Við notum minnst 70% vaxtatekna af varasjóðum – að frádregnum þeim hluta sem þarf til þegar viðurkenndra bótagreiðslna – til hagnaðarhlutdeildar bótaþega. Við

leggjum þær í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu eða færum þær einstökum bótaþegum til tekna sem hækkadar bótakröfur. Féð sem lagt er í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu má eingöngu nota til hagnaðarhlutdeildar bótaþega.

17 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?

- 17.1 Hvaða dómstóll hefur lögsögu um kærur gegn okkur vegna tryggingarsamningsins ákvarðast af aðsetri okkar eða því útibúi okkar sem sá um tryggingarsamninginn. Ef tryggingaumboðsmaður hefur unnið að gerð samningsins fellur lögsagan einnig undir dómstól á þeim stað þar sem tryggingaumboðsmaðurinn hafði skrifstofu sína þegar samningsgerðin eða miðlunin fór fram eða, ef hann hafði enga, þar sem hann hafði lögheimili.
- 17.2 Við getum lagt fram kröfur gegn þér við dómstólinn sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili.

**18 Hvers ber að gæta við tilkynningar til okkar?
Hvað gildir um breytingar á pósthfangi þínu?**

- 18.1 Allar tilkynningar og yfirlýsingar, sem eru ætlaðar okkur, verður þú að afhenda skriflega. Þær skal senda til aðalstöðva okkar eða til þeirra hlutaðeigandi útibúa sem tilgreind eru í tryggingarskírteininu eða viðbótum við það.
- 18.2 Ef þú hefur ekki tilkynnt okkur um breytingu á pósthfangi þínu nægir að senda viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt. Yfirlýsing okkar öðlast gildi á þeim tíma þegar hún hefur borist þér með reglulegum bréfburði án breytingar pósthfangs.

19 Hvaða lög gilda?

Um þennan samning gilda þýsk lög.

Sérstakir skilmálar fyrir slysaörorkutryggingu plús með aukningu bóta og iðgjalds

Þú hefur samið við okkur um slysaörorkutryggingu plús þar sem upphæðir og iðgjöld eru aðlöguð.

- 1 Við hækkum slysaörorkutrygginguna í hvert sinn um sama prósentustig og hámarksíðgjald í lögskipaðan lífeyrissjóð fastra starfsmanna er hækkad, minnst þó um 5%. Hver hækkun fer fram í byrjun tryggingarársins sem fer á eftir viðmiðunardegi fyrir hækkun hámarksíðgjaldsins eða fer saman við hann.
- 2 Þá er slysaörorkutryggingin í hvert sinn jöfnuð á heila tugi evra.
- 3 Hækkun slysaörorkutryggingar gildir fyrir öll bótamál sem koma upp eftir hækkunardaginn.
- 4 Iðgjaldið hækkar í sama hlutfalli og slysaörorkutryggingin.
- 5 Fyrir hækkunardaginn færð þú skriflega tilkynningu um hækkunina.

Hækkunin fellur niður ef þú mótmælir skriflega innan sex vikna eftir tilkynningu okkar. Við bendum þér á frestinn.

- 6 Þú og við getum líka afturkallað þennan aukningarsamning fyrir allan samningstímann sem eftir er. Afturköllunin verður að fara fram skriflega, í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok tryggingarársins.
- 7 Ef hinn tryggði er orðinn fullra 65 ára við hækkunina eða fari slysaörorkutryggingin með hækkuninni yfir 3000 evrur gildir samningurinn áfram án aukningar bóta og iðgjalds.